



Kayakklúbburinn

1. fundur starfsárið 2016

2. mars 2016 kl. 17:15

Mættir: Andri, Sveinn Axel, Lárus, Sigurjón og Gísli.

- Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með tölvupóstum af fyrri stjórn.
- Fundur hófst á umræðu um hentugasta fundartíma stjórnarfundir. Niðurstaðan var að hafa stjórnarfundir kl 17:15 á miðvikudögum eða fimmtudögum í 1-2 klst. hverju sinni. Andri sendir út fundarboð.
- Hlutverkum stjórnar var skipt:
Sveinn Axel verður áfram ritari.
Gísli verður áfram gjaldkeri í eitt ár enn. Gísli lagði til að fundin yrði betri og varanlega leið til að halda utan um félagsskrána útsendingu reikninga vegna félagsgjalda og reikninga fyrir geymslugjöldum og afstemningu á greiðslum. Samþykkt að Gísli skoði hvaða möguleikar henti og leggi fram tillögur að lausnum.
- Rætt var um skipan í nefndir:
Ferðanefnd: Hildur Einarsdóttir formaður
Keppnisnefnd: Eymundur Ingimundarson formaður.
Húsnæðisnefnd: Össur Imsland formaður
- Andri mun óska eftir við formenn nefnda að þeir sendi uppfærðan lista annarra meðlima nefndarinnar og tillögu að dagskrá. Koma þarf í veg fyrir árekstra á dögum milli viðburða hjá nefndunum.
- Rætt um hvernig félagið getið komið að því að auka þátttöku félagsmanna í viðburðum eins og skipulögðum ferðum og keppnum, t.d. með einhverskonar veitingum.
- Á aðalfundi var rætt um að skipa afmælisnefnd vegna 35 ára afmælis Kayakklúbbsins. Stjórnin mun taka það verkefni að sér. Rætt um hugmynd að bjóða í grill í Grillstofunni í Viðey, önnur hugmynd að auka veg Reykjavíkurbikarsins og hafa þá hátíð sem afmælishátíð. Ákvörðun var tekin að styðja við Reykjavíkurbikarinn með einhverjum hætti en halda frekar Uppskeruhátíð í haust sem yrði eiginleg afmælishátíð.
- Rætt var um tillögu Inga sem koma fram á aðalfundi. Andri ætlar að athuga hvað kostar að láta prenta merki Kayakklúbbsins á sérmerktar vörur.
- Rætt var um hvernig verði staðið að vali á þeim sem er dreginn upp í næstu þryllubjörgun. Mælt var til þess að viðkomandi verði sé félagsmaður.
- Umræða var hlutverk róðrarstjóra, sem menn eru sammála um að halda áfram í heiðri. Þegar aðstæður eru í fínu lagi, þá er um að gera að hafa róðurinn í frjalsari kantinum. Um leið og

aðstæður verða krefjandi, þarf ákveðna stýringu á róðrarhópnum.

- Ákveðið var að selja hvíta trefja kayakinn sem Kayakklúbburinn á í félagsgámnum og panta 1 nýjan Romany plastbát í gegnum Magga Sigurjóns sem bauð félagsmönnum í vikunni að ganga inn í pöntun með sér. Rætt var um að ræða þyrfti og ákveða stefnu til framtíðar hvað varðar notkun kayaka í eigu Kayakklúbbsins. Áætlað verð á nýjum Romany plastbát er kr. 200.000.
- Rætt var tillögu Helgu um sauna aðstöðu í Geldinganesinu. Ákveðið var að bíða er eftir tillögum Sauna nefndar um frekari útfærslu á Sauna og rekstri slíkrar aðstöðu.
- Gísli sendir út rukkanir í mars fyrir félagsgjöldum og geymslugjöldum.
- Fundi slitið 18:45